



Þvagleggur fjarlægður heima

-kvennadeildir

Fyrir heimferð eru gefnar upplýsingar um hvenær á að fjarlægja þvaglegginn. Best er að fjarlægja þvaglegg snemma að morgni dags milli kl. 7 og 8.

Undirbúningur

- Tæma þvagpoka í salerni
- Þvo hendur

Þvagleggur fjarlægður

Til að hægt sé að fjarlægja þvaglegg þarf fyrst að tæma belginn sem heldur honum í þvagblöðrunni. Belgurinn er fullur af vatni.

1. Belgurinn er tæmdur með því að setja sprautu í hliðarstútinn á þvagleggnum og draga vatnið varlega út. Þrýsta þarf sprautunni vel inn í stútinn. Ef sprautan fyllist gæti þurft að endurtaka þetta til að vera viss um að belgurinn sé alveg tómur. Yfirleitt eru 10 ml af vatni í belgnum en geta þó verið 5-40 ml.
2. Slaka á grindarbotnsvöðvum eins og við þvaglát og draga þvaglegginn varlega út. Ekki má beita afli við að toga hann út.
3. Henda þvaglegg og þvagpoka í almennt sorp.
4. Þvo hendur.



Eftir að þvagleggur hefur verið fjarlægður

Það er eðlilegt að finna fyrir þvaglátsþörf um leið og leggur er fjarlægður. Búast má við þvaglátum eftir um þrjár klukkustundir. Ef engin þvaglátsþörf er til staðar eftir þann tíma er ráðlegt að reyna að hafa þvaglát. Fyrstu þvaglát geta verið óþægileg en eftir það verða þvaglátin eins og áður.

Eftir að þvagleggur hefur verið fjarlægður þarf að fylgjast með hvort þvagblaðran tæmist og er því bókaður tími samdægurs á göngudeild í afgangsmælingu. Magn þvags er mælt eftir að þú pissar og innihald þvagblöðru mælt strax á eftir með ómtæki. Ráðlagt er að drekka 500 - 700 ml af vökva áður en komið er í endurkomutímann.

Tími er bókaður á kvenlækningadeild 21A eða mæðravernd 22B:

Dagsetning _____ klukkan _____

Símanúmer

- Móttaka kvenlækningadeildar 21-A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga frá 8-16, sími 543-3224.
- Mæðravernd 22-B á 2. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga frá 8-16, sími 543-3253.

Starfsfólk kvennadeilda

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símunum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.